

BORGARRÁÐ 15. febrúar 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um notkun Reykjavíkurborgar á Workplace, Google Workspace, Webex og Torginu - MSS24020087

Hvers vegna notast Reykjavíkurborg við Workplace frá META þrátt fyrir að Office 365 innihaldi sambærilega virkni í gegnum Viva Engage? Hvers vegna notast skóla- og frístundasvið við Google Workspace í stað annarra sambærilegra lausna? Hvers vegna notast Reykjavíkurborg við Webex fjarfundarlausnir í stað sambærilegra lausna í gegnum Office 365? Hver er kostnaðurinn við Torgið og hvers vegna var ákveðið að notast við þá lausn í stað sambærilegrar lausnar í gegnum Office 365?

Greinargerð:

Nýlega fengum við borgarfulltrúar ábending undan frá um að borgin er að eyða of miklum fjármunum í að halda úti tölvukerfum sem veita sambærilega virkni, að það virðist vera skortur á áhuga eða þekkingu á að samhæfa og fækka þessum kerfum. Fulltrúi Flokks fólksins spyr út þetta og eftirfarandi atriði, og óskað er útskýringar. Samkvæmt ábendingum er borgin einnig að eyða 5-6 milljónum króna á mánuði í Workplace frá META, þrátt fyrir að Office 365 innihaldi sambærilega virkni í gegnum Viva Engage. Þetta kerfi virðist vera lítið notað, og sérstaklega ekki nýtt af SFS, þar sem meira en helmingur starfsfólks borgarinnar vinnur. <https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-12/15924-endurnyjun-a-workplace-leyfasamningi.-ees.pdf>

Fulltrúi Flokks fólksins óskar skýringar á þessu atriði.

Þá er borgin að fjárfesta í Google Workspace fyrir SFS, sem leiðir til þess að SFS notar Microsoft 365 minna, sérstaklega fyrir fjarfundi og skjalavinnslu. Google Workspace er ósamrýmanlegt við Hlöðuna, sem gefur til kynna að það hafi ekki framtíð í skjalavinnslu hjá SFS. Óskað er skýringa á þessu frá þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Borgin kaupir einnig Webex fyrir 5 milljónir á mánuði, en þetta kerfi býður upp á lítið umfram það sem þegar er innifalið í fjarfundalausnum Office 365. Óskað er skýringa á þessu af fulltrúa Flokks fólksins

Með því að hætta að nota Workplace og Webex gæti borgin sparað 10 milljónir króna í útgjöld á mánuði, sem ætti að vera hluti af áætlun fyrir innleiðingu Office 365 sem þegar er í gangi eftir þeim upplýsingum sem borgarfulltrúar hafa fengið til sín.

Webex er dýr í rekstri og krefst þjónustusamnings, og þegar ekki er hægt að endurnýja slíkan samning, enda tækin gjarnan sem úrgangur þrátt fyrir að vera í góðu ástandi. Aðrir framleiðendur bjóða upp á tæki sem ekki þurfa reglulegar uppfærslur, þar sem öryggið er tryggt í hugbúnaði tölvunnar sem tækin tengjast, sem er talið öruggara og dreifir álagi betur. <https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-08/15865-cisco-webex-samningur.-ees.pdf>

Kostnaður við Torgið er ekki tilgreindur á vefsíðu, en sú fjárhæð hefði einnig verið hægt að spara ef áherslan væri á að einfalda tæknina í stað þess að flækja hana. Hver er kostnaður við Torgið? Nefnt hefur verið að betri lausn og hentugri lausn er innifalin í 365 <https://learning.cloud.microsoft/home/providers>

Borgin virðist ekki vera að nýta Office365 til fulls, heldur aðeins notkun á Word, Excel, PowerPoint, Teams, Planner og SharePoint. Innan Office 365 eru fjölmörg tól og möguleikar sem aðrar stofnanir og fyrirtæki eru að nýta sér til hins ítrasta, eins og Forms fyrir örugga gagnasöfnun, Sway fyrir fréttabréf og kynningar, Viva Engage sem samfélagsmiðill, Stream fyrir stjórnun á fræðslumyndböndum og fundaupptökum, Learning fyrir aðgang að þekkingu og fræðslu, Insights fyrir tímastjórnun og stafrænt heilbrigði, Loop fyrir hópavinnu og fundargerðir, og PowerApps fyrir sjálfvirkni. Þessir ónýttu möguleikar benda til að borgin gæti sparað verulega fjármuni og bætt þjónustu við borgarbúa með því að nýta betur þá tæknilausn sem

Þegar er verið að innleiða. Flokkur fólksins spyr hverju þetta sætir og hvort séfræðingar hjá ÞON hafi ekki hugsað þessa möguleika til að sýna hagkvæmni, sparnað og almenna skynsemi